

STJÓRNARTÍÐINDI A 8 – 1994

5. maí 1994

117

Nr. 41

LÖG

um breytingu á lögum nr. 64/1958, um útflutning hrossa,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. maí er óheimilt að flytja hross til útlanda nema í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum enda hafi þau áður verið fóðruð inni á heyfóðri og skulu nánari reglur settar um það í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.